



18. júní 2026

**Viðbrögð Landssamtakanna Proskahjálpar og Geðhjálpar, ÖBÍ réttindasamtaka og Umhyggju félags langveikra barna vegna umsagnarbeiðna um drög að svörum Íslands við spurningalista (List of Issues) sérfræðinefndar Sp um réttindi fatlaðs fólks**

Undirrituð hagsmunafélög fatlaðs fólks fengu send boð um þátttöku í samráði um *Svar Íslands við spurningalista (List of Issues) sérfræðinefndar Sp um réttindi fatlaðs fólks*. Samtökin benda á að þau voru á meðal þeirra sem lögðu sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks til tillögur að spurningum til íslenska ríkisins. Samtökin telja tilganginn með spurningunum vera að stjórnvöld veiti eigin svör við þeim spurningum sem lagðar hafa verið fyrir þau. Samtökin telja svörin á margan hátt ófullnægjandi og ekki gefa rétta mynd af raunverulegri stöðu mannréttinda fatlaðs fólks eða innleiðingu og framkvæmd samningsins. Samtökin hyggjast tjá sig um stöðu mála með ítarlegum hætti í skuggaskýrslu sinni um fyrstu skýrslu Íslands um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þegar að því kemur.

Samtökin benda jafnframt á að í boði um samráðið var aðeins veittur tveggja vikna frestur til að skila inn umsögnum. Skjalið sem sent var til umsagnar er ítarlegt og unnið af mörgum aðilum innan stjórnvöldanna. Það er óásættanlegt að hagsmunasamtök fatlaðs fólks fái aðeins tvær vikur til að fara yfir svo umfangsmikið efni. Það krefst vandaðrar yfirferðar og raunverulegs samráðs við fatlað fólk og hagsmunasamtök, sem koma fram fyrir þess hönd. Aðferð stjórnvalda samræmist ekki þeim skyldum sem stjórnvöld hafa undirgengist samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samnings Sp um réttindi fatlaðs fólks. Samráðsskyldan er ekki formsatriði og henni verður ekki fullnægt með því einu að birta drög að svörum í samráðsgátt og veita stuttan frest til umsagnar. Til að slíkt samráð geti farið fram þurfa hagsmunasamtök fatlaðs fólks að hafa raunhæfan tíma til að leita eftir sjónarmiðum fatlaðs fólks og tryggja viðeigandi aðlögun svo að fólk með ólíkar stuðnings-, samskipta- og aðgengisparfir geti tekið virkan þátt. Það er augljóst að tveggja vikna umsagnarfrestur gerir slíkt nánast ómögulegt. Afleiðingin er sú að fatlað fólk, sem eðli málsins samkvæmt þekkir best til, fær ekki raunveruleg tækifæri til að koma reynslu sinni og sjónarmiðum á framfæri.

Nú þegar Alþingi hefur lögfest samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður að gera enn þá ríkari kröfur til stjórnvalda en áður hvað varðar framkvæmd ákvæða samningsins. Jafnframt minna samtökin á að sérfræðinefnd Sameinuðu þjóðanna hefur ítrekað lagt áherslu á að samráð samkvæmt 3. mgr. 4. gr. samningsins verði að vera tímanlegt, markvisst og áhrifaríkt.



Virðingarfyllst.

Alma Ýr Ingólfisdóttir  
Formaður ÖBÍ réttindasamtaka

Guðmundur Ármann Pétursson  
Formaður Þroskahjálpar

Svava Arnardóttir  
Formaður Geðhjálpar

Jón Kjartan Kristinsson  
Formaður Umhyggju